

GJALDSKRÁ STEFS OG SFH ÁRIÐ 2012

Veitinga- og gistihús

Undir þennan kafla falla veitinga- og gistihús, sem hafa fastan rekstur allan ársins hring eða hluta úr ári.

Matsölustaðir án vínveitingaleyfis, þar sem megináhersla er lögð á matsölu og þar sem tónlist er flutt í bakgrunni, skulu greiða sem hér segir:

	Höfundaréttargjald	SFHgjald	alls
A. Staðir með allt að 20 sætum, ársfjórðungslega	kr. 5.946	3.567	9.513
Staðir með 21-50 sætum, ársfjórðungslega	kr. 9.513	5.708	15.221
Staðir með 51-100 sætum, ársfjórðungslega	kr. 18.075	10.845	28.920
Staðir með 101-150 sætum, ársfjórðungslega	kr. 24.021	14.413	38.434
Staðir með 151-200 sætum, ársfjórðungslega	kr. 29.967	17.980	47.947
Fyrir hver 100 sæti í viðbót, ársfjórðungslega	kr. 11.892	7.135	19.027

- B. Matsölustaðir með vínveitingaleyfi, þar sem megináhersla er lögð á matsölu og þar sem tónlist er flutt í bakgrunni, skulu greiða tvöfalt gjald, miðað við flokk A.
- C. Bjórkrár og sambærilegir veitingastaðir, opnir 1-3 daga í viku, þar sem megináhersla er lögð á sölu bjórs og/eða áfengis og þar sem tónlist er flutt, skulu greiða tvöfalt gjald miðað við flokk A.
- D. Bjórkrár og sambærilegir veitingastaðir, opnir 4-7 daga í viku, þar sem megináhersla er lögð á sölu bjórs og/eða áfengis og þar sem tónlist er flutt, skulu greiða þrefalt gjald miðað við flokk A.
- E. Dansstaðir, opnir 1-3 daga í viku, þar sem tónlist er flutt, skulu greiða tvöfalt gjald miðað við flokk A.
- F. Dansstaðir, opnir 4-7 daga í viku, þar sem tónlist er flutt, skulu greiða fjórfalt gjald miðað við flokk A.

Hótel og aðrir gististaðir, þar sem tónlist er flutt, hvort sem er á gistiherbergjum, í setu- stofum eða annars staðar, skulu greiða kr. 171 ársfjórðungslega fyrir hvert herbergi til STEFs og kr. 103 til SFh eða kr. 274 alls.

Sé um að ræða veitingar á hóteli eða gististað eða aðra starfsemi, sem fellur undir A-F liði hér að framan, skal að auki greiða fyrir þá starfsemi í samræmi við gjaldskrá fyrir slíka starfsemi.

Séu fluttir söngleikir, revíur eða önnur slík sviðsverk í veitingahúsum skal greitt sérstaklega fyrir það samkvæmt samkomulagi við STEF, fyrir hönd hlutaðeigandi rétthafa.

Ef bjórkrár sjónvarpa eingöngu ípróttaefni falla þær í gjaldflokk C í stað D, burtséð frá opnunartíma.